



## Kirkjuhvammur á Hvammstanga

### Deiliskipulag fyrir opið svæði til sérstakra nota



#### DRÖG AÐ GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI

dags. 1. mars 2007



Yngvi Þór Loftsson, Landslagsarkitekt FÍLA  
Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími 554 5300

|   |           |
|---|-----------|
| <b>1 FORSENDUR .....</b>  | <b>4</b>  |
| <b>1.1 Markmið .....</b>  | <b>4</b>  |
| <b>1.2 Afmörkun skipulagssvæðis .....</b>                       | <b>4</b>  |
| <b>1.3 Fyrirliggjandi skipulag .....</b>                        | <b>5</b>  |
| <b>1.4 Fornleifaskráning.....</b>                               | <b>6</b>  |
| <b>2 SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLAR .....</b>                 | <b>6</b>  |
| <b>2.0 Almennt.....</b>   | <b>6</b>  |
| <b>2.1 Reiðhöll-reiðskemma (A 1,5 ha) .....</b>                 | <b>6</b>  |
| 2.1.1 Skipulag lóðar .....                                      | 6         |
| 2.1.2 Byggingarskilmálar .....                                  | 6         |
| <b>2.2 Hesthúsahverfi – Traðahverfi (B 5,3 ha) .....</b>        | <b>6</b>  |
| 2.2.1 Almennt .....   | 6         |
| 2.2.2 Hesthúsagerð.....   | 7         |
| 2.2.3 Dælukjallari/taðþró .....                                 | 8         |
| 2.2.4 Sameiginleg svæði .....                                   | 8         |
| 2.2.5 Úthlutun .....  | 8         |
| 2.2.6 Leigugjald af lóð .....                                   | 9         |
| 2.2.7 Leigutími .....   | 9         |
| 2.2.8 Félag leigutaka .....                                     | 9         |
| 2.2.9 Húsfélög .....  | 9         |
| 2.2.10 Sameiginleg svæði .....                                  | 9         |
| 2.2.11 Almenn umgengni .....                                    | 9         |
| 2.2.12 Mengunarvarnir og losun taðs.....                        | 9         |
| 2.2.13 Gerð lóðarsamnings.....                                  | 9         |
| 2.2.14 Viðskilnaður að lokum leigutíma .....                    | 10        |
| <b>2.3 Hestaíþróttasvæði (C 2,5 ha).....</b>                    | <b>10</b> |
| 2.3.1 Skeiðvöllur.....  | 10        |
| 2.3.2 Upphitunar og æfingasvæði.....                            | 10        |
| 2.3.3 Byggingar .....   | 10        |
| <b>2.4 Íþróttaleikvangur (D 5,6 ha).....</b>                    | <b>10</b> |
| 2.4.1 Knattspyrnu- og frjálsíþróttavöllur.....                  | 10        |
| 2.4.2 Æfingavellir .....  | 10        |
| 2.4.3 Byggingar .....   | 10        |
| <b>2.5 Tjald- og tjaldvagnasvæði (E 1,3 ha) .....</b>           | <b>10</b> |
| 2.5.1 Almennt .....   | 10        |
| 2.5.2 Byggingar .....   | 10        |
| <b>2.6 Tjaldsvæði (F 0,5 ha ) .....</b>                         | <b>11</b> |
| 2.6.1 Almennt .....   | 11        |
| 2.6.2 Byggingar .....   | 11        |
| <b>2.7 Tjaldsvæði fyrir stóra hópa og húsbíla (G 0,7) .....</b> | <b>11</b> |
| 2.7.1 Almennt .....   | 11        |
| 2.7.2 Byggingar .....   | 11        |
| <b>2.8 Kirkja og kirkjugarður (H 0,5).....</b>                  | <b>11</b> |
| 2.8.1 Almennt .....   | 11        |
| 2.8.2 Kirkjugarður.....   | 11        |
| 2.8.3 Byggingar .....   | 11        |
| <b>2.9 Golfvöllur (I 22 ha) .....</b>                           | <b>12</b> |
| 2.9.1 Golfbrautir.....  | 12        |
| 2.9.2 Púttvöllur .....  | 12        |
| 2.9.3 Byggingar .....   | 12        |
| <b>2.10 Skógræktarsvæði (J 4,5 ha) .....</b>                    | <b>12</b> |
| 2.10.1 Almennt.....   | 12        |
| <b>3 AÐKOMA, VEITUR OG TRJÁGRÓÐUR .....</b>                     | <b>13</b> |

|            |                                    |           |
|------------|------------------------------------|-----------|
| <b>3.0</b> | <b>Aökoma og umferð .....</b>      | <b>13</b> |
| 3.0.1      | Vegakerfi .....                    | 13        |
| 3.0.2      | Göngu- og reiðleiðir .....         | 13        |
| <b>3.1</b> | <b>Trjábelti / trjágróður.....</b> | <b>13</b> |
| <b>3.2</b> | <b>Veitukerfi .....</b>            | <b>13</b> |
| 3.2.1      | Vatnsveita .....                   | 13        |
| 3.2.2      | Frárennslislagnir og rotþrær ..... | 13        |
| 3.2.3      | Rafmagn.....                       | 13        |

## 1 Forsendur

### 1.1 Markmið

Megin markmiðið með skipulagi þessu er að byggja upp fölbreytta aðstöðu fyrir útvistar- og íþróttastarfsemi fyrir mismunandi þarfir með því að

- Leitast við að starfsemin falli vel að umhverfinu
- Varðveita þá ásýnd sem Kirkjuhvammskirkja hefur á umhverfið
- Bjóða upp á möguleika til að reisa reiðhöll í jaðri svæðisins
- Aðlaga núverandi hesthúsahverfi nýjum kröfum og snyrtilegu últiti
- Bæta æfingaraðstöðu við skeiðvöllinn
- Stækka æfingasvæði fyrir íþróttasvæðið
- Afmarka byggingarreit fyrir klúbbhús til sameiginlegra nota fyrir íþróttaleikvang og golfvöll
- Skilgreina tjaldsvæði fyrir mismunandi þarfir og notendahópa
- Halda framkvæmdum sem mest utan við í skógarreitinn
- Stuðla að varðveislu og merkingu minja
- Bjóða upp á fjölbreyttar göngu- og reiðleiðir

### 1.2 Afmörkun skipulagssvæðis

Deiliskipulagið nær yfir svæði meðfram Ytri Hvammsá og Syðri Hvammsá. Vesturmörk eru Laufásvegur og nýr vegur að Kirkjuhvammi og austur mörkin ná upp fyrir framræst tún og ofan við skógaræktarsvæðið. Samtals er deiliskipulagssvæðið 64 ha að stærð og þar hefur átt sér stað uppbygging fyrir íþróttir og útvist.



### 1.3 Fyrirliggjandi skipulag

I gildandi aðalskipulagi fyrir þéttbýlið á Hvammstanga 2002 – 2014 eru eftirfarandi landnotkun skilgreind á svæðinu:

Opið svæði til sérstakra nota

- Ú3 Skeiðvöllur og sýningarsvæði hestamanna 4,4 ha
  - Ú4 Íþróttasvæði 5,6 ha
  - Ú5 Tjaldsvæði 2,4 ha
  - Ú6 Kirkjugarðurinn 1,5 ha
  - Ú7 Hesthúsasvæði 5,5 ha
  - Ú9 Ræktunarsvæði austan við hesthúsasvæðið

### Verslunar og þjónustusvæði:

- V8 Þjónustusvæði fyrir ferðamann sunnan við tjaldsvæði 0,7 ha
  - V9 Þjónustusvæði fyrir ferðamann norðan við Kirkjuhvammur 0,5 ha

Kirkjuhyammskirkja er táknuð sem friðlýst skv þjóðminjalögum.


Gönguleiðir eru skilgreindar meðfram Ytri-Hvammsá að sunnanverðu og beggja vegna við Svöri-Hvammsá upp að Kirkjuhvammi.

Reiðleið er skilgreind meðfram gamla þjóðveginum frá Vatnsnesi og ofan byggðar til suðurs.

Svæðið ofan skógarreits er utan við þéttbýlissvæðið og er það svæði skilgreint sem óbyggt svæði á sveitarfélagsupprætti Húnabings vestra.

Núverandi uppbygging á svæðinu er að mestu í samræmi við fyrirliggjandi deiliskipulag frá 1994 sem var endurskoðað 2004 m.t.t staðsetningar á gisti-hýsum, tilfærsla á þjónustuhúsi og heimreiðar að Kirkjuhvammsskirkju. Þá liggur fyrir skipulag hesthúsahverfis með byggingarskilmálum sem voru samþykktir í byggingar-,skipulags og umferðarnefnd Hvammstangahrepps 01.12.1997.

Verði þessi tillaga að deiliskipulagi sem hér er til umfjöllunar samþykkt munu núverandi skipulagstillögur sem samþykktar eru fyrir svæði falla úr gildi. Jafnframt þarf að auglýsa breytingu á aðalskipulagi þar sem verslunar – og þjónustusvæði er fært til og opið óbyggt svæði ofan Fjóshóls þarf að breyta í opið svæði til sérstakra nota þar sem golfvöllurinn nær yfir það svæði.



Hluti af staðfestu aðalskipulagi fyrir þéttbýlið á Hvammstanga

#### 1.4 Fornleifaskráning

Í tengslum við deiliskipulagsgerðina vann Byggðasafn Skagafirðinga fornleifaskráningu í Kirkjuhvammi (Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga 2007/60). Flestar minjanna sem skráðar voru eru búsetuminjar frá 19. öld og fyrri hluta 20 aldar. Alls voru skráðar 27 minjar innan deiliskipulagssvæðisins, þar af eru 6 þeirra horfnar en 11 minjar eru taldar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, aðallega í tengslum við golfbraut 9. Þá getur skógrækt á svæðinu haft töluverð áhrif á minjar á svæðinu.

Kirkjuhvammskirkja sem byggð var 1882 var friðuð 1999 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. þjóðminjalaga nr.88/1989.

Lögð verður áhersla á að hnika til framkvæmdasvæðum m.a. þannig að brautir verði ekki sléttar við minjar og nýir reið- og göngustígur færðir frá minjasvæðum.

## 2 Skipulags- og byggingarskilmálar

### 2.0 Almennt

Skipulagssvæðinu er skipt upp í afmörkuð svæði eftir mismunandi starfsemi sem þar er áætluð og er um þau mismunandi skilmálar. Utan þessara svæða og á milli þeirra er í svæði sem á þessu stigi eru ekki skilgreind sérstaklega. Þar liggja flestar göngu- og reiðleiðirnar og bílastæði sem eiga að samnýtast fyrir svæðið í heild. Staðsetning og fjöldi þessara bílastæða er skilgreint á skipulagsuppdrættinum.

### 2.1 Reiðhöll-reiðskemma (A 1,5 ha)

#### 2.1.1 Skipulag lóðar

Aðkoma er frá Laugásvegi. Gert er ráð fyrir 95 bílastæðum auk 20 kerrustæða. Frá reiðhölliinni liggur braut út úr austurenda hennar.

#### 2.1.2 Byggingarskilmálar

Stærð reiðhallar verði  $40 \times 70$  m eða  $2800 \text{ m}^2$  og er staðsetning innan byggingarreits frjáls.

### 2.2 Hesthúsahverfi – Traðahverfi (B 5,3 ha)

#### 2.2.1 Almennt

Gert er ráð fyrir því að á svæðinu geti byggst upp 10 hesthús til viðbótar við þau 8 sem fyrir eru.

Skilmálar þessir eiga við byggingar innan svæðisins. Stærð og umfang núverandi bygginga fellur innan ramma skilmálanna.

Almennt er vísað til ákvæða gildandi byggingarreglugerðar um efni og gerð hesthúsa.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni, sbr. gr. 22 í byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Framkvæmdir skulu hefjast ekki síðar en 12 mánuðum eftir að byggingarleyfi hefur verið veitt í.

Allt byggingarefnin, sem er notað, skal vera nýtt, nema byggingarfulltrúi heimili annað.

Innra skipulag hesthúsanna skal uppfylla reglugerð nr. 160/2006 um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa, ásamt viðauka I um básastærð og loftræstingu í hesthúsum. Lofttúðum á þaki og þakgluggum skal raðað með skipulögðum hætti. (Hesthús sem innréttuð eru fyrir gildistökudag reglugerðar nr. 160/2006 eru undanþegin ákvæðum a- liðar viðauka I um stíu og básastærðir. Um þau gilda áfram ákvæði eldri reglugerðar nr. 132/1999.)

Forsenda fyrir gerð lóðarleigusamnings er að sameignarsamningur eigenda hvers húss liggi fyrir þar sem tilgreint er eignarhlutfall viðkomandi aðila. Við innheimtu gatnagerðargjalda og gerð lóðaleigusamninga er vísað í gildandi gatnagerðarreglugerðar og lóðarleigusamninga fyrir Húnaþing vestra.

Við hvert hús er gert ráð fyrir sérnotalóð fyrir gerði og aðkomu að húsum. Ekki er heimilt að girða af aðra hluta lóðar en gerðið.

## 2.2.2 Hesthúsagerð

Almennt. Um aðbúnað, básastærðir og rými í stígum skal fara eftir reglugerð um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa nr 160/2006.


Núverandi hús á svæðinu falla undir skilmála þess þannig að endurbygging og breytingar skulu fylgja þeim.

Heimilt er að setja kvisti á húsin til þess að koma fyrir kaffistofu. Heimilt er að koma fyrir vatnssalerni í núverandi hús, og verði þau tengd við fráveitulögn. Allar endurbætur og breytingar skulu lagðar fyrir skipulags- og byggingarnefnd Húnaþings vestra til samþykktar.

**Húsagerð H1** – Húsin geta verið allt að  $160\text{ m}^2$  að stærð. Hámarksfjöldi hrossa 16-20 í hverju húsi..

**Húsagerð H2** – Húsin geta verið allt að  $350\text{ m}^2$  að stærð. Hámarksfjöldi hrossa 25-30.

Hverju hesthúsi fylgir 2 bílastæði.



### 2.2.3 Dælukjallari/taðþró

Steypa skal lokaðan dælukjallara/taðþró undir hesthúsunum. Frágangi taðþróa skal þannig háttáð að ekki valdi mengun umhverfis eða hættu fyrir menn og skepnur sbr. reglugerð nr. 804/1999. Áætla skal  $3m^3$  rými fyrir tað frá hverjum hesti ef tæmt er einu sinni á ári en  $1 m^3$  ef tæmt er þrisvar sinnum. Í þróonna má einungis setja hrossatað og moð sem hreinsað er úr hesthúsum og umhverfis þau. Hreinsun taðþróa og hreinsun hesthúsa skal vera með þeim hætti að ekki stafi af óþrifnaður. Taðþrær skulu tæmdar strax er hross eru komin í haga, þó eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

Bannað er að veita frárennslu frá taðþró í fráveitukerfið. Kjósi leigutaki að leggja frárennslu frá taðþró er honum heimilt að gera það með því að veita því í grjótsvelg undir taðþró eða annars staðar í eigin gerði.

### 2.2.4 Sameiginleg svæði

Geymslusvæði fyrir hestakerrur og hey er um miðbik svæðisins. Þar er gert ráð fyrir gánum fyrir almennan úrgang og sérstökum plastgámi fyrir rúlluplast. Hringgerði er staðsett á norðanverðu svæðinu og tengist það reiðstígum innan hverfisins.

### 2.2.5 Úthlutun

Hesthúsalóðum verður úthlutað til fyrirtækja eða einstaklinga.

Sækja skal um byggingarleyfi eigi síðar en þremur mánuðum eftir úthlutun. Að öðrum kosti verður húsinu öllu eða hluta úr því úthlutað öðrum.

Þeir sem fá úthlutað hesthúsalóðum er óheimilt að ráðstafa þeim til annarra nema með skriflegu leyfi Húnaþings vestra.

**2.2.6 Leigugjald af lóð**

Leigugjald er í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins hverju sinni.

**2.2.7 Leigutími**

Leigutími er 25 ár, frá og með við undirritun lóðarleigusamnings. Leigan framlengist síðan um eitt ár í senn ef henni er ekki sagt upp með minnst 6 mánaða fyrirvara.

**2.2.8 Félag leigutaka**

Félag hesthúsa eiganda skal koma fram fyrir hönd leigutaka gangvart sveitarfélagini. Einstaklingar sem hafa fengið úthlutað innan svæðisins eru sjálfkrafa félagar í félagi þessu sem tekur til allra lóðareininga innan heildarsvæðisins. Allir leigutakar innan svæðisins skulu taka ábyrgð á heildarrekstri þess.

Gera skal eignarskiptayfirlýsing yfir svæðið í heild þar sem fram kemur hlutdeild hvers einstaklings í húsi auk hlutdeilda í sameiginlegum svæðum innan svæðisins, s.s. reiðleiðum, opnum svæðum og fleiru sem sameiginlegt er fyrir svæðið.

**2.2.9 Húsfelög**

Samkvæmt lögum og reglugerðum um fjöleignarhús er mælst til þess að lóðarhafar stofni húsfélag.

**2.2.10 Sameiginleg svæði**

Brjóti leigutaki skilyrði Húnaþings vestra, t.d. ef húsum eða öðru er ekki viðhaldið á fullnægjandi hátt, leigutaki ráðstafar lóð eða húsnæði sínu að hluta eða að öllu leyti til annarra án samþykkis Húnaþings vestra, eða byggingar notaðar á annan hátt en gert er ráð fyrir, þá er heimilt að afturkalla úthlutun og leggja hald á viðkomandi hús eða húshluta án allra bóta úr hendi Húnaþings vestra.

Hestagerði við hesthús skulu vera hestheld og þannig útbúin að hvorki mönnum né dýrum stafi hætta af. Sé ástand hestagerðis ekki viðunandi skv. mati byggingarfulltrúa er honum heimilt að fjarlægja gerði á kostnað eigenda.

**2.2.11 Almenn umgengni**

Snyrtileg umgengni er áskilin. Umgengi í og við hesthús skal á allan hátt vera til fyri myndar. Leigusala er heimilt að láta fjarlægja allt rusl og annað sem er til óþrifa eða óþæginda á kostnað og ábyrgð leigutaka. Ekki er leyfilegt að geyma heyrúllur eða heybagga úti við á öðrum svæðum en þeim sem ætlaðir eru til slíkra hluta.

**2.2.12 Mengunarvarnir og losun taðs**

Óheimilt er að taka hesthús í notkun fyrr en byggingu haugkjallara er lokið. Byggingarnefnd getur leyft undanþágu frá gerð taðþróa ef sannanlega verður mokað út úr húsunum og beint á bíla. Ef misbrestur verður á fellur undanþágan úr gildi.

**2.2.13 Gerð lóðarsamnings**

Forsenda fyrir gerð lóðarsamnings er að sameignarsamningur eigenda hvers húss liggi fyrir, þar sem tilgreint er eignarhlutfall viðkomandi. Húnaþing vestra á forkaupsrétt að húsum eða hluta þeirra.

**2.2.14 Viðskilnaður að lokum leigutíma**

Varðandi viðskilnað að loknum leigutíma er vísað til lóðarleigusamninga.

**2.3 Hestaíþróttasvæði (C 2,5 ha)****2.3.1 Skeiðvöllur**

Gert er ráð fyrir 240 m löngum hringvelli og 300 m langri skeiðbraut fyrir hestaíþróttir. Skeiðbrautin tengist reiðstígakerfi svæðisins.

**2.3.2 Upphitunar og æfingasvæði**

Beggja vegna skeiðvallar eru gert ráð fyrir upphitunar og æfingasvæðum.

**2.3.3 Byggingar**

Innan hestaíþróttasvæðinu eru núverandi þjónustuhús og dómarahús og eru byggingarskilmálar í samræmi við samþykktar teikningar.

**2.4 Íþróttaleikvangur (D 5,6 ha)****2.4.1 Knattspyrnu- og frjálsíþróttavöllur**

Stærð og fyrirkomulag knattspyrnuvallar er í samræmi við reglur mannvirkjanefndar KSÍ. Völlurinn skal vera  $68 \times 105$  m. Heildarstærð með öryggissvæðum er 80 m breitt og 120m og nær a.m.k. 6,0 m frá hliðarlínum og a.m.k. 7,5 m frá endalínum, þar af skal 1,5 m vera lagður sama efni og leikvöllur.

Stærð og fyrirkomulag frjálsíþróttavallar skal vera í samræmi við reglur FRÍ. Breidd milli frjálsíþróttabrautum skal vera minnst 94 m og lengdin 177 m.

**2.4.2 Æfingavellir**

Æfingavellir eru vestan við keppnisvölliinn og til viðbótar er staðkunarmöguleiki suður af honum.

**2.4.3 Byggingar**

Innan íþróttaleikvangsins eru núverandi vallarhús og eru byggingarskilmálar í samræmi við samþykktar teikningar.

**Sameiginlegt klúbbhús** fyrir íþróttaleikvang og golfvöll er við norðvestur enda knattspyrnuvallar. Hámarksstærð klúbbhússins er  $250 \text{ m}^2$ .

**2.5 Tjald- og tjaldvagnasvæði (E 1,3 ha)****2.5.1 Almennt**

Svæðið liggur að Syðri-Hvammsá og er ætlað fyrir tjöld og tjaldvagna

**2.5.2 Byggingar**

Innan svæðisins eru núverandi þjónustuhús og eru byggingarskilmálar í samræmi við samþykktar teikningar:

## 2.6 Tjaldsvæði (F 0,5 ha)

### 2.6.1 Almennt

Svæðið liggur að Syðri-Hvammsá og er fyrst og fremst ætlað tjaldgestum.

### 2.6.2 Byggingar

Innan tjaldsvæðisins eru núverandi salernishús og eru byggingarskilmálar í samræmi við samþykktar teikningar:

## 2.7 Tjaldsvæði fyrir stóra hópa og húsbíla (G 0,7)

### 2.7.1 Almennt

Svæðinu er ætlað að rúma stóra hópa og húsbýla. Boðið er upp á tengingu við rafmagn og aðstöðu til að losa ferðasalerni.

### 2.7.2 Byggingar

Innan svæðisins eru núverandi salernishús og eru byggingarskilmálar í samræmi við samþykktar teikningar:

## 2.8 Kirkja og kirkjugarður (H 0,5)

### 2.8.1 Almennt


Kirkjuhvammskirkja er áberandi kennileiti og er lögð áhersla á að mannvirki breyti ekki þeirri ásýnd þegar komið er að kirkjunni frá Hvammsásnum í vestri.

### 2.8.2 Kirkjugarður

Kirkjugarður er vestan við kirkjuna og er gert ráð fyrir stækunarmöguleika á honum til vesturs.

### 2.8.3 Byggingar

Kirkjuhvammskirkja er friðuð skv. þjóðminjalögum.



## 2.9 Golfvöllur (I 22 ha)

### 2.9.1 Golfbrautir

Golfvöllurinn í Kirkjuhvammi er skilgreindur sem 9 holu völlur sem er ætlað að nýta landslagið til að skapa áhugaverðar og fjölbreyttar brautir. Inn á milli brauta eru margvíslegar minjar s.s. tún- og áveitugarðar, vörslugarðar o.fl. Lögð er áhersla á að þessum minjum verði ekki raskað heldur verði þær eftir sem áður hluti af umhverfinu og einn þáttur í því að gera völlinn spennandi. Skipulag á golfvelli var unnin af Edwin Roald Rögnvaldssyni golfvallahönnuði. Lengd brauta og par er eftirfarandi:

| Braut  | 1   | 2  | 3   | 4   | 5   | 6   | 7   | 8   | 9   | Samtals |
|--------|-----|----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|---------|
| Hvítur | 401 | 95 | 459 | 414 | 246 | 355 | 147 | 120 | 496 | 2733    |
| Par    | 4   | 3  | 5   | 4   | 4   | 4   | 3   | 3   | 5   | 35      |
| Gulur  | 351 | 95 | 444 | 414 | 246 | 298 | 147 | 120 | 462 | 2577    |
| Rauður | 292 | 61 | 371 | 351 | 208 | 242 | 102 | 93  | 408 | 2128    |
| Par    | 4   | 3  | 5   | 5   | 4   | 4   | 3   | 3   | 5   | 36      |

### 2.9.2 Púttvöllur

Í næsta nágrenni við klúbbhúsið er gert ráð fyrir púttvelli og mun fyrirkomulag og endanleg staðsetning taka mið fyrirkomulagi þess og umhverfi.

### 2.9.3 Byggingar

**Sameiginlegt klúbbhús** fyrir íþróttaleikvang og golfvöll er við norðvestur enda knattspyrnuvallar. Hámarksstærð klúbbhússins er 250 m<sup>2</sup>.

## 2.10 Skógræktarsvæði (J 4,5 ha)

### 2.10.1 Almennt

Skógrækt hefur verið stunduð á svæði ofan við kirkjuna og er bar óðum að vaxa upp fjölbreyttur skógur. Mikilvægt er að grisja skógin og í leiðinni bæta aðgengi og bjóða upp á aðstöðu í skógarriðrum með borðum og bekkjum. Í samræmi við skráningu fornleifa er æskilegt að fella tré sem eru í næsta nágrenni við mikilvægar minjar.

### 3 Aðkoma, veitur og trjágróður

#### 3.0 Aðkoma og umferð

##### 3.0.1 Vegakerfi

Aðalaðkoma inn á svæðið er frá Kirkjuhvammsvegi. Gert er ráð fyrir að aðalgata um svæðið verði með bundnu slitlagi en aðrar götur og reiðleiðir verði með malaryfirborði.

##### 3.0.2 Göngu- og reiðleiðir

Reiðstígakerfið tengir saman reiðhöll, hesthúsahverfi og hestaíþróttasvæði og reiðleiðir um Vatnsnesið. Fjölbreyttar gönguleiðir liggur um svæðið m.a. frá Hvammstanga og upp með Syðri-Hvammsá og Nyrðri- Hvammsá, Gönguleiðunum er ætlað að tengja saman mismunandi svæði innan deiliskipulagssvæðisins og þaðan lengri leiðum upp til fjalla og í næsta nágrenni. Lega á göngu- og reiðleiðum sem sýnd er á skipulagsuppdrætti er einungis til skýringar.

#### 3.1 Trjábelti / trjágróður

Lögð er áhersla á gróðursetningu á trjám og runnum í jaðri hesthúsasvæðisins og golfvallarins en þó þannig að ekki verði gróðursett nálægt minjum.

#### 3.2 Veitukerfi

##### 3.2.1 Vatnsveita

Stofnlagnir vatnsveitu fyrir þéttbýlið á Hvammstanga liggur þvert í gegnum Hesthúsahverfið en er utan lóða og framkvæmasvæða bygginga. Vatnslögnin tengist miðlunarvatnstanki á Hvammsásnum.

##### 3.2.2 Frárennslislagnir og rotþrær

Lagnaleiðir fyrir fráveitu fylgja megin vegum um svæðið og er sýnd á skipulagsuppdrætti. Fráveitukerfið liggur að rotþróm sem eru sýndar á skipulagsuppdrætti. Frágangur og gerð rotþróa og frárennslislagna skal gera í samráði við heilbrigðiseftirlit og fara skv. ákvæðum heilbrigðisreglugerðar og leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins.

##### 3.2.3 Rafmagn

Rafmagnsveita eru fyrir á svæðinu.